Umhverfis- og loftslagsstefna Fjarskiptastofu

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Almennt um stefnu og markmið

Fjarskiptastofa hefur mótað stofnuninni stefnu um umhverfis - og loftslagsmál. Tilgangur með loftslagsstefnu Fjarskiptastofu er að draga markvisst úr áhrifum vegna losunar CO^2 af starfseminni, vera til fyrirmyndar fyrir aðrar stofnanir og fyrirtæki, miðla árangri og hafa þannig bein og óbein áhrif á loftslagsskuldbindingar landsins.

Stefnan byggir m.a. á eftirfarandi; Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila, skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu, aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, yfirlýsingu forstöðumanna stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytis um samdrátt í losun GHL og kolefnishlutleysi, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Grænum skrefum.

Markmið og dæmi um aðgerðir til að draga úr losun

Draga úr losun á CO^2 um 40% til ársins 2030

Flugferðir	Ferðir starfsfólks	Akstur og bifreiðar	Úrgangur og flokkun	Orkunotkun	Máltíðir starfsfólks
Að draga úr losun vegna flugferða um 40%	Að draga úr losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu um 10%	Að draga úr losun vegna aksturs og eigin bifreiða um 30%	Að draga úr losun vegna úrgangs um 20%	Að draga úr losun vegna orkunotkunar um 10%	Að draga úr losun vegna máltíða starfsmanna um 10%
Fjarfundir	Samgöngusamningar	Vistvænar bifreiðar	Flokka í minnst 7 úrgangsflokka	Aðeins keypt tæki í orkuflokki A+++	Minnka matarsóun
Flugkvóti	Fjarvinna	Vistvænir leigu og bílaleigubílar	Draga úr úrgangi í urðun	LED perur	Auka vægi grænkerafæðis

Markmið og dæmi um aðgerðir til að kolefnisjafna rekstur

Kolefnishlutlaus rekstur frá árinu 2021

Áhersla stofnunarinnar liggur fyrst og fremst í að draga úr losun. Næsta skref til kolefnishlutleysis er síðan að kolefnisjafna/kolefnisbinda þá losun sem eftir stendur. Kolefnisjöfnun felst í því að kaupa vottaðar kolefniseiningar (1 eining per tonn af CO^2)

Kolefnisbinding

Að binda alla umframlosun með vottuðum kolefniseiningum

⇩

Mæla losun (Grænt bókhald)

Binda kolefni

Fjarskiptastofa mun skoða fyrst innlenda möguleika til jöfnunar s.s.:

www.kolvidur.is

www.carbfix.is

www.skograektin.is

Einnig stendur til að skoða ICROA* vottaða aðila sbr.: https://www.icroa.org/organisations

CO2 losun Fjarskiptastofu fyrir árið 2021 var tæp 14 tonn og var kolefnisbundið hjá Kolviði.

Áætlað er að kolefnisbinda þurfi mun meira fyrir árin 2022 - 2023 vegna tímabundinnar aukningar á flugferðum erlendis

* International Carbon Reduction & Offset Alliance

"For over a decade ICROA has been a leading voice in the voluntary carbon market, providing quality assurance, and guidance on emissions reductions and high-quality offsetting"

Aðgerðaáætlun vegna umhverfis- og loftslagsstefnu FST

FLOKKUR	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ
Samgöngur	Drögum úr losun GHL vegna samgangna og eflum fjarvinnu og fjarfundamenningu	Drögum úr losun GHL vegna bifreiða FST um 40%	Gerum greiningu á samningum við bílaleigur og leigubílafyrirtæki og tryggjum að losun frá bílaleigu- og leigubílum á vegum FST sé sem minnst.	2021-2026	Teymi grænna skrefa
			gert er ráð fyrir að starfsfólk geti stundað fjarvinnu sem dregur úr ferðum til og frá vinnustað	2023	Rekstrarsvið
			Könnum hvort grundvöllur sé fyrir því að stofnunin eignist rafhjól	2023	Rekstrarsvið
		Drögum úr losun GHL vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu	Við munum ekki sækja fundi erlendis nema fyrir liggi skýr dagskrá og ljóst sé að við eigum erindi á viðkomandi fund.	2021-2025	Öll svið
			Útbúum staðlaðan texta fyrir starfsfólk til að senda á samstarfsaðila þar sem spurt er eftir möguleikanum á að taka þátt í fundum með fjarfundi og bendum á umhverfisávinning af því að bjóða uppá slíkt.	2023	Teymi grænna skrefa
		Fjölgun samgöngusamninga um 50%			
			Aukum hlut rafbíla hjá stofnuninni.	2025	Rekstrarsvið
			Bjóum upp á góðan fjarfundarbúnað í og útbúum skýrar og góðar leiðbeiningar fyrir starfsfólk um notkun hans.	2021	Rekstrarsvið
			Hvetjum starfsfólk að vera duglegt að bjóða fólki á fjarfund í stað staðfunda.	2022	Teymi grænna skrefa
		Aukum hlutfall fjarfunda á kostnað ferðalaga til frá fundum			
			Tökum virkan þátt í Hjólað í vinnuna.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
			Vinnum að bættri aðstöðu fyrir hjól	2022	Rekstrarsvið
			Minnum á samgöngusamninga og hvetjum starfsfólk til að gera slíka samninga.	2021-2025	Rekstrarsvið

Aðgerðaáætlun vegna umhverfis- og loftslagsstefnu FST

FLOKKUR	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ
Orkunotkun	Hugum að orkusparnaði og drögum úr losun GHL vegna orkunotkunar	Fylgjumst með heitavatnsnotkun	Fræðum starfsmenn til að fyrirbyggja hátt stillta ofna og opna glugga á sumrin.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
			Fylgjumst með rafmagnsnotkun í höfuðstöðvum.	2022	Rekstrarsvið
		Drögum úr losun GHL vegna rafmagnsnotkunar um 20%	Fylgjumst með orkunotkun vegna loftræsikerfis.	2023	Rekstrarsvið
			Hvetjum starfsmenn til að hafa ljós ekki kveikt að óþörfu og minnum á að slökkva ljós í herbergjum þar sem viðvera er lítil. Límmiðar Grænna skrefa þess efnis verða hengdir upp og tölvupóstar sendir út til áminningar.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
FLOKKUR	**ÁHERSLUR**	**MARKMIÐ**	**AÐGERÐIR**	**TÍMARAMMI**	**ÁBYRGÐ**
Úrgangur	Aukum endurvinnslu og drögum úr úrgangsmyndun og losun GHL vegna úrgangs	Drögum úr losun GHL vegna úrgangs um 20%	Mælum matarsóun í kaffistofu í viku einu sinni á ári.	2021-2025	Teymi Grænna
			Minnum starfsfólk á að nýta afgangs matvæli.	2021-2025	Teymi Grænna
			Skýrar flokkunarleiðbeiningar eru aðgengilegar á staðnum og á Teams	2021	Teymi Grænna
		Að matarsóun frá kaffistofu verði ekki meiri en 7%	Förum reglulega yfir hvað á EKKI heima í óflokkuðum úrgangi	2021	Teymi Grænna
			Fáum reglulega yfirlit hjá sorphirðuaðila eftir því sem hægt er.	2022	Rekstrarsvið
		Endurvinnsluhlutfall verði 95%	Mótum verklag svo að rafrænum erindum sé svarað rafrænt án þess að það þurfi að koma til þess að prenta út bréf sem óþarfi er að eiga á pappír.	2023	Öll svið
		Pappírsnotkun fari ekki yfir 3 kg á stöðugildi á árinu	Skjölun verði aðeins rafræn nema í tilfellum þar sem pappírseintaks er sérstaklega krafist.	2022	Rekstrarsvið
			Húsgögn og búnaður stofnunarinnar, sem tekinn er úr notkun við endurbætur, verða boðin starfsfólki, öðrum stofnunum eða gefin í Góða hirðinn.	2023	Rekstrarsvið
		Heildarmagn úrgangs á stöðugildi dragist saman um 20%	Hugum að því við innkaup að óþarfa umbúðir berist ekki inná stofnunina. Útbúum leiðbeiningar og fræðum innkaupafólk.	2023	Rekstrarsvið
			Komum upp stað fyrir raftæki og annað sem ekki nýtist lengur í starfseminni en starfsfólk má hirða.	2023	Rekstrarsvið

Aðgerðaáætlun vegna umhverfis- og loftslagsstefnu FST

FLOKKUR	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ
Fræðsla	Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál	Innra umhverfisstarf sé kynnt á starfsmanna-fundum amk. 2x á ári	Höldum stutt fræðsluerindi á starfsmannafundum.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
		Starfsfólk getur komið ábendingum um innra umhverfisstarf á framfæri	Höldum sérstaka fræðsluviðburði utan starfsmannafunda.	2023-2025	Teymi Grænna
			Fáum fræðslu um t.d. skaðleg efni í neysluvörum og heilsu, heimajarðgerð, minna sorp á heimilum, rafbíla eða annað.	2022-2025	Teymi Grænna skrefa
		Umhverfisstarf og stefna FST séu sýnileg á ef stofnunarinnar	Tökum þátt í viðburðum eins og Hjólað í vinnuna, Samgönguviku, Degi umhverfisins, Hreinsum Reykjavík Saman, Plastlausum september og Evrópskri Nýtniviku.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
	Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu		Teymisrás Grænna skrefa þar sem starfsfólk getur sett inn hugmyndir um aðgerðir/úrbætur.	2022-2025	Teymi Grænna skrefa
		Hvetjum samstarfsaðila til að huga að umhverfismálum	Haldið er úti sér undirsíðu á vef FST fyrir stefnu, skýrslur og annað efni tengt innra umhverfisstarfi.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
			Birtum merki Grænna skrefa á forsíðu heimasíðu okkar.	2023	Teymi Grænna
FLOKKUR	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ
Innkaup	Stundum umhverfisvæn innkaup	Drögum úr kaupum á óþarfa og aukum hlut umhverfismerktra vara og þjónustu	Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valin umfram annað í öllum innkaupum. Um þetta verða útbúnar leiðbeiningar fyrir innkaupafólk.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
			Innkaup stofnunarinnar fylgja kröfum Grænna skrefa og stefnu ríkisins um vistvæn innkaup.	2021-2025	Rekstrarsvið
FLOKKUR	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ
Græn skref	Klárum öll grænu skrefin og endum með umhverfisvottun	Horfum til aðgerða Grænu skrefanna í öllu umhverfisstarf	Förum reglulega yfir hvort aðgerðir Grænna skrefa séu ekki örugglega til staðar í viðeigandi verkferlum og/eða leiðbeiningum.	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
	Kolefnisjöfnum rekstur FST	Kolefnisjöfnum losun GHL vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar á hverju ári	Kolefnisjöfnum eftirstandandi losun með kaupum á áreiðanlegum kolefniseiningum samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar	2021-2025	Teymi Grænna skrefa
	Uppfærum umhverfis- og loftslagsstefnu	Umhverfis- og loftslagsstefna verði uppfærð árlega og birt á vef FST	Rýnum og uppfærum drög að nýrri stefnu í ljósi niðurstaðna Græns bókhalds árið á undan	2021-2025	Teymi Grænna skrefa